

Um félagshæfnisögur (undirbúningssögur) í Fjölmennt

Undirbúningssögur eru notaðar til að undirbúa og leiðbeina fólki í ýmsum aðstæðum. Þetta eru stuttar sögur sem lýsa aðstæðum og því sem til stendur á **jákvæðan** hátt. Hrósr er mikilvægt í undirbúningssögum – styður við jákvæða sjálfsmynd. Mikilvægt að allir sem koma í Fjölmennt fái undirbúning sem þeir skilja og fyrir einhverft fólk er undirbúningssaga **nauðsynleg**.

Þær eru:

1. Skrifaðar í fyrstu persónu.
2. Þær eru skrifaðar með orðalagi sem viðkomandi skilur.
3. Lengd texta fer eftir skilningi þess sem sagan er gerð fyrir. Oft mjög stuttur texti fyrir fólk sem kemur á Vínlandsleið 14.
4. Alltaf þarf að bera sögu undir þann sem þekkir vel viðkomandi, áður en hún er frágengin. Það er vegna orðalags sem notað er og hversu langur texti á að vera. Einnig gætu einhver hugtök kallað fram neikvæð viðbrögð s.s. hugtakið skóli getur haft neikvæða merkingu hjá einum en hins vegar alltaf notað um Fjölmennt hjá öðrum.
5. Notaðar eru myndir með textanum til frekari útskýringar. Getur þurft þó viðkomandi sé læs. Þarf ekki alltaf.
6. Heiti sögu þarf að vera lýsandi fyrir það sem verið er að útskýra.
7. Í sögunni er útskýrt hvernig á að gera en **ekki** hvernig á ekki að gera. Sleppa að nota ekki og nei í sögunni.
8. Setningar eru á eftirfarandi hátt: Lýsandi, leiðbeinandi, jákvæðar og fela í sér viðhorf annarra eða upplýsingar um hvernig annað fólk hugsar, hvað það veit og um tilfinningar þess.
9. Í byrjun sögu er oft eitthvað almennt um það sem til stendur og síðan gott að lýsa ferlinu í 1. persónu t. d. á hvaða dögum viðkomandi kemur í Fjölmennt, hvernig hann kemur, um það ef hann þarf að bíða, hver kennarinn er, stofan sem hann verður í tákni fyrir námskeiðið o. s. frv. Svo muna jákvætt inn á milli.
10. Sögurnar hjá Fjölmennt geta bæði verið um það að koma í Fjölmennt en einnig um ákveðna þætti sem kemur í ljós að þarf að útskýra sérstaklega.
11. Söguna þarf að senda heim til viðkomandi og fylgja því eftir að hún sé lesin þar, alltaf áður en þátttakandi mætir á námskeið (ekki bara fyrsta skiptið).